

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**822. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 24. febrúar 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Erindi Selaseturs Íslands.
2. Erindi Kvenfélagsins Freyju.
3. Umsögn Landslaga um skólaakstur barna af Vatnsnesi.
4. Bréf Þórhalls Sverrissonar.

### Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Selasetur Íslands þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra til að mæta greiðslu vegna álagðs fasteignaskatts og fasteignatengdra gjalda 2014 eða kr. 87.855- Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins og boða framkvæmdastjóra selasetursins til fundar við byggðarráð.
2. Fram lagt erindi Kvenfélagsins Freyju þar sem þess er óskað að breyting verði gerð á skráningu eiganda salernishúss við Víðidalstungurétt. Byggðarráð felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs skoðun og afgreiðslu málsins.
3. Fram lögð umsögn Ívars Pálssonar hrl., lögmanns sveitarfélagsins, um stöðu sveitarfélagsins í framhaldi af niðurstöðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 14. október sl. varðandi skólaakstur barna af Vatnsnesi. Lögmaður sveitarfélagsins tekur undir þá niðurstöðu ráðuneytisins að veruleg frávik séu á samanlögðum aksturs- og biðtíma barna á Vatnsnesi frá viðmiðum reglna um skólaakstur og að sveitarfélaginu beri því að leita allra leiða til að halda aksturs- og biðtíma hlutaðeigandi barna í samræmi við viðmið reglna um skólaakstur. Byggðarráð samþykkir að fela sviðsstjóra fjölskyldusviðs, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og skólastjóra grunnskóla að leggja heildstætt mat á þær leiðir sem dregið geti úr samanlögðum aksturs- og biðtíma nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra, þær leiðir verði kostnaðarmetnar og þess gætt að þær mæti sem best viðmiðum reglna um skólaakstur nemenda. Greinargerð um um framangreint verði lögð fyrir byggðarráð hið fyrsta. Þá samþykkir byggðarráð að fela fjölskyldusviði og skólastjóra grunnskóla að leggja drög að reglum um fyrirkomulag skólaaksturs í Húnaþingi vestra í samræmi 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Drög að þeim reglum verði lögð fyrir byggðarráð hið fyrsta.
4. Erindi Þórhalls Sverrissonar lagt fram. Í erindinu óskar hann eftir rökstuðningi hvers vegna starfshópur um mötuneytismál samþykkti að ganga til viðræðna við Gauksmýri ehf. um framleiðslu skólamáltíða. Sveitarstjóra falið að veita umbeðinn rökstuðning. Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Fram lagt erindi Sóknar lögmannsstofu, Jóns Jónssonar hrl., f.h. Maríu Sigurðardóttur og Hlöðunnar ehf. þar sem gerð er krafa um stöðvun samningaviðræðna varðandi framleiðslu og þjónustu skólamáltíða fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra o.fl. og ósk um rökstuðning varðandi réttarstöðu innkaupaferlisins gagnvart lögum um opinber innkaup. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:07

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.